

Kennaradagurinn 5. október 2018

Beta- og Mýdeildir héldu í þriðja skiptið upp á alþjóðadag kennara. Við undirbúning var tekið við þeim punktum sem síðasta nefnd skilaði af sér sem tók mið af árinu á undan. Sú hefð hefur skapast að eftir hvert þing sé gerð samantekt sem sett er á heimasíðu deildanna.

Til framtíðar:

Þær nefndir sem hafa sinnt þessu verkefni eru sammála um:

- að þingið verði ávallt í formi samræðu, að kennarar séu virkjaðir til þátttöku
- að efnið tengist kennurum sjálfum
- að þingið sé haldið utan skólahúsnæða
- að leita til kennarafélaganna um samstarf, KÍ, BKNE, FF, FL og FSL
- að þingið nái til allra skólastiga
- að niðurstöður eða ályktanir sem gerðar eru á staðnum verði sýnilegar í samfélaginu á einhvern hátt, að þeim sé komið á framfæri til viðeigandi aðila.

Undirbúningur:

Fyrsti fundur var haldinn í mars 2018. Þá var efni þingsins ákveðið, rætt um mögulega fyrirlesara og staðsetningu. Á næsta fundi, stuttu seinna voru boðaðir formenn kennarafélaganna á Norðurlandi sem fullvissuðu okkur um að við myndum fá styrk til verkefnisins. Ákveðið var að sækja um húsnæði í Hömrum í Hofi og fá Maríu Pálsdóttur til að vera með innlegg og stýra verkefnavinnu. Hvoru tveggja gekk eftir og var komið á hreint í apríl. Einn fundur var haldinn með Maríu í lok maí og dagskrá ákveðin. Tveir undirbúningsfundir voru haldnir um haustið og áttu töluverð samskipti sér stað í gegnum tölvupósta og í Facebookhópi undir það síðasta.

Efni og fyrirkomulag:

Hugmyndin var að efni þingsins yrði að lyfta gleðinni í kennarastarfinu. Titillinn varð *Að vera kennari – Lygilega gaman*.

Á hverju borði voru lituð blöð og fundarmenn fengu litaðan miða þegar þeir komu og fundu svo sitt borð (5-8 manna hringborð). Þátttakendur völdu sem sagt ekki sæti. Ein nefndarkvenna sá um þetta. Eftir kaffi og spjall sagði ein nefndarkvenna nokkur orð og setti þingið, síðan var María með 15 mínútna innlegg um efnið. Litlir hjartalaga miðar voru á borðunum fyrir hvern þátttakanda sem hún bað kennara að skrifa á það besta við að vera kennari. Eftir innlegg Maríu kynnti hún og setti af stað þrenns konar verkefni og unnu nokkrir hópar hvert þeirra.

1. Lygasaga. Þrír saman segja hver öðrum reynslusögu úr kennarastarfinu (máttu bara segja frá einhverju lygilegu úr eigin lífi). Síðan kusu allir lygasöguhóparnir um hver af þremur ætti viðkomandi sögu með því að fylkja sér fyrir aftan þann kennara.

2. Teikningar: Tuttugu saman. 10 sátu bak í bak og voru módel, 10 stóðu fyrir framan þá og voru teiknarar. Þeir voru með spjald pappír og blýant og fengu ½ mínútu til að teikna kennarann á móti sér og skrifuðu nafn hans. Teiknarar skildu síðan teikninguna eftir færðu sig um einn og héldu áfram með þá teikningu sem var komin á það blað. Svona hélt þetta áfram koll af kolli þar til allir höfðu teiknað alla. Síðan var skipt um hlutverk, teiknarar urðu módel og módel teiknarar og leikurinn endurtekinn. Teikningar og hjartalamiðar voru hengd upp á vegg fyrir þinggesti að skoða.

3. Flaugagerð: Hóparnir horfðu á efnivið í flaug í 10 mín, egg, efnisbút, snæri o.fl. og ræddu um hvernig hægt væri að búa til flaug fyrir eggjið án þess að það brotni en máttu ekki snerta efnivið. Síðan gerðu þeir flaugina en máttu ekki tala. Flaugarnar voru síðan prófaðar af 3. hæð ☺

Dagskráin (sömu tímasetningar og árið áður sem reyndust vel þá og einnig nú)

16:15 Kaffi og spjall

16:30 Setning Katrínar Fjólu og erindi Maríu

16:50 Kynning á gagnlegum gleðileikjum

17:00 Gleðileikir

17:40 Slit og Flaugaflug

(Opnun myndlistarsýningar var í gangi í Hofi í lok þings sem þátttakendur nutu)

Þetta fyrirkomulag var mjög skemmtilegt og mæltist vel fyrir. Góð stemning, hlátur, gleði og virkni. María var með sjálfsefandi innlegg og skemmtilegar verkefnavinnuhugmyndir.

Það mættu eitthvað færri en á síðasta ári, spurning hvort það var vegna þess að 5. október bar upp á föstudag.

Afrakstur:

Ein nefndarkvenna tók ljósmyndir og vídeó allan tímann og setti síðan saman myndband sem var sent á netföng allra þátttakenda, (þeim var safnað á þinginu), skólastjórnenda á svæðinu, sviðsstjóra fræðsluviðs Akureyrarbæjar, KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hér er slóð á myndbandið: <https://youtu.be/uFhqyf8ibio>

Húsnæði og veitingar:

Að tillögu síðustu nefndar fengum við húsnæði með hljóðkerfi og sóttum um fjárstyrk til að leigja Hamra í Hofi. Húsnæðið hentaði vel fyrir viðburðinn. Við fengum hljóðkerfi, lausan míkrofón, skjávarpa og púlt. Á þingið mættu um 60 manns og voru nokkur borð laus. Ein nefndarkvenna sá um samskipti við húsráðendur og veitingaþjónustu. Fjármagn fékkst úr sjóði KÍ sem veitir styrki til verkefna sem hugsuð eru fyrir öll skólastig. KÍ greiddi fyrirlesara laun, leigu á sal og veitingar sem keyptar voru af 1863 Nordic Bistro, veitingastaðnum í Hofi. Veitingarnar voru ekki alveg nógu góðar, vantaði til dæmis eitthvað sætt sem við pöntuðum þó. Spurning með að koma fyrra skipulagi á og fá Beta og Mý konur til að sjá um veitingar sem voru glæsilegar árið áður. Möguleikinn er þó tæpast fyrir hendi ef þingið er haldið í Hofi.

Nefndarbreytingar

Þegar skipt er út nefndarkonum þá ber sú kona sem gengur úr nefndinni ábyrgð á að einhver komi í hennar stað. Gæta þarf að því að alltaf sé a.m.k. ein kona af hverju skólastigi, 4-6 konur alls.

Samstarf og auglýsingar:

Ein nefndarkvenna sá um auglýsingar og nýtti texta og tölvupóstlista sem höfðu verið notaðir áður. Skólastjórnendur fengu póst með upplýsingum um þingið að vori áður en skólastarfi lauk og tvisvar um haustið, í ágústlok og svo viku fyrir viðburðinn. Gott var að biðja Beta- og Mýkonur að passa upp á að þessar upplýsingar kæmust til skila í þeirra skólum. (Tölvupóstar og netföng eru til í wordskjölum). Um haustið var auglýsing sem hægt var að prenta í A3 útbúin og viðburður á fb. (Auglýsingar frá síðustu tveimur árum og mynd fyrir viðburð eru til í skjölum).

KÍ auglýsti viðburðinn fyrir okkur á sinni síðu sem var mikilvægt. N4 setti inn fréttatilkynningu en um að gera að biðja um umfjöllun í föstudagsþætti næst, var erfitt núna eðli málsins samkvæmt. Fréttatilkynningar voru einnig sendar á morgun- og fréttablaðið en fengust ekki birtar. 2017 var sviðsstóri fræðsluviðs Akureyrarbæjar beðinn um að koma þessu á framfæri við skólastjórnendur á svæðinu og væri gott að gera það næst og minna hann á. Félagskonur voru duglegar að dreifa viðburðinum og auglýsingu. Viðburðinum var deilt á fb síður Beta og Mý deilda en gott væri að auglýsa hann einnig á heimasíðu og fb síðu DKG næst. Jafnframt er mikilvægt að senda tölvupóst til félagskvenna með það í huga að þær eru ekki allar á samskiptamiðlum.

Tölvupóstar og auglýsingar voru lesnar yfir af öllum nefndarkonum áður en þær voru sendar út sem reyndist vel.

Annað:

Mikilvægt er að nefndin sem sér um þingið hverju sinni sé dugleg að upplýsa félagskonur um undirbúninginn og virkja þær eins og hægt er. Meðal félagskvenna þessari tveggja deilda er mikill mannauður og eins meðal kvenna í öðrum deildum. Sjálfsgætt er að leita til þeirra fyrst um innlegg og hugmyndir áður en farið er út fyrir samtökin.

Samstarfið í nefndinni gekk mjög vel og var verkaskipting góð.

4. nóvember 2018,

Björg Eiríksdóttir, Elín Elísabet Magnúsdóttir, Hugrún Sigmundsdóttir, Helena Sigurðardóttir og Katrín Fjóra Guðmundsdóttir.